

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 7. október 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir minningarsjóð Sigurðar Óskars Sigvaldasonar
frá Gilsbakka í Öxarfirði, N-Þing.**

1. gr.

Í samræmi við vilja Sigurðar Óskars Sigvaldasonar frá Gilsbakka í Öxarfirði, N-Þing. fyrrverandi leigubifreiðarstjóra, f. 6. desember 1908, d. 15. júlí 1998, síðast með lögheimili að Fellsmúla 14 í Reykjavík, stofna undirritaðir minningarsjóð.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurðar Óskars Sigvaldasonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er í samræmi við erfðaskrá Óskars að reisa og viðhalda minnismerki um foreldra hans, Sigurlaugu Jósefsdóttur og Sigvalda Sigurgeirsson, sem bjuggu á Gilsbakka í Öxarfirði, N-Þing.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

Íbúð á 1. hæð að Fellsmúla 14 í Reykjavík, að fasteignamati kr. 4.173.000.

Af stofnfé sjóðsins má ekki skerða kr. 471.000.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, ásamt höfundarlaunum vegna ljósmynda í vörslu Ljósmyndasafns Reykjavíkur samkv. samningi þar að lútandi.

Nettótekjum sjóðsins skal varið til viðhalds minnismerkis.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 ættingjar Óskars, sem nefndir eru tilsjónarmenn minnismerkisins í erfðaskrá hans. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, skipa systkinabörn Óskars og að þeim frágengnum, niðjar þeirra, nýja stjórnarmenn.

Stjórnarmaður skal víkja úr sæti ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann gerist sekur um verknað, sem gerir hann óverðugan til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Sjóðstjórnin semur reikninga sjóðsins og skulu þeir árlega endurskoðaðir af endurskoðanda eða skoðunarmönnum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun innan stjórnarinnar.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef stjórn sjóðsins eða meirihluti er því sammála.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til Byggðasafns Norður-Þing-eyinga.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. október 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Öldrunarmiðstöðina Höfn í Hafnarfirði.

1. gr.

Neðanskráð félagasamtök og stofnanir stofna hér með sjálfseignarstofnun sem starfar í Hafnarfirði og ber heitið *Öldrunarmiðstöðin Höfn*:

Hafnarfjarðarbær,
Sólvangur, sjúkrahús,
Félag eldri borgara (hét áður styrktarfélag aldraðra),
Bandalag kvenna Hafnarfirði,
Verkakvennafélagið Framtíðin,
Verkamannafélagið Hlíf,
Sjómannafélag Hafnarfjarðar,
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar,
Skátafélagið Hraunbúar,
Lionsklúbbur Hafnarfjarðar,
Lionsklúbburinn Ásbjörn,
Lionsklúbburinn Kaldá,
Kiwanskúbburinn Hraunborg,
Kiwanskúbburinn Eldborg.